



Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aðferðir sem er unnið eftir og verkfæri sem félagsráðgjafar hafa til þess að styðja einstaklinga í félagslega kerfinu til sjálfshjálpar

Á 338. fundi velferðarráðs þann 10. október 2018, lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðndi bókun:

„Ljóst er að engin markviss stefna er hjá Reykjavíkurborg í að hjálpa einstaklingum af félagslega kerfinu. Aðeins 214 leigjendur hafa flutt úr félagslegum leiguíbúðum síðastliðin 10 ár eða um 21 leigjandi á ári. Í ljósi hve illa sú vinna hefur gengið er óskað eftir nánari upplýsingum á aðferðum sem er unnið eftir og hvaða verkfæri félagsráðgjafar hafa til þess að styðja einstaklinga í félagslega kerfinu aftur til sjálfshjálpar. Á meðan bíða um 1000 einstaklingar eftir félagslegu húsnæði.“

Svar:

Í reglum um félagslegar leiguíbúðir og sérstakar húsaleigubætur í Reykjavík kemur fram að umsækjandi þarf að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að umsókn öðlist gildi:

- a) Umsækjandi hafi að mati ráðgjafa ekki möguleika á því að kaupa eigið húsnæði.
- b) Umsækjandi eigi lögheimili í Reykjavík þegar sótt er um og a.m.k. síðustu 3 árin samfleytt áður en umsókn berst.
- c) Eignir og tekjur umsækjanda miðast við eftirfarandi hámarksupphæðir: Eignamörk eru kr. 5.126.000.- 1). Tekjumörk eru kr. 3.680.475.- 1) fyrir einhleyping en kr. 5.152.975.- 1) fyrir hjón og sambúðarfólk, auk þess kr. 919.925.- 1) fyrir hvert barn á framfæri innan 20 ára. Tekjumörk eru miðuð við meðaltal tekna sl. 3 ár. Heimilt er að taka tillit til skuldastöðu/greiðslubyrði umsækjanda.

- d) Umsækjendur verða að skora að lágmarki 4 stig vegna félagslegra aðstæðna sinna, þ.e. 2 stig vegna húsnæðisstöðu og 2 stig vegna félagslegs vanda umsækjanda eða sérstakra aðstæðna barna sbr. matsviðmið
- e) Umsækjendur skulu vera orðnir 18 ára á umsóknardegi.

Þegar einstaklinga fá úthlutað félagslegu húsnæði eru þeir því ekki færir um að sjá sér fyrir öðru húsnæði sökum félagslegra aðstæðna, þungrar framfærslubyrðar og lágra launa.

Umsækjendur um félagslegt húsnæði eru í tengslum við ráðgjafa á þjónustumiðstöðum áður en til úthlutunar félagslegs húsnæðis kemur. Í sumum tilfellum heldur sú félagslega ráðgjöf áfram eftir úthlutun húsnæðisins og ástæður þess kunna að vera margvíslegar t.d. vegna atvinnuleysis eða óvinnufærni, vímuefnavanda, vegna barna, og eða veitingar stoð- og stuðningsþjónustu. Í félagslegri ráðgjöf er beitt heildstæðri nálgun og virku notendasamráði við úrlausn mála og í samstarfi við aðra aðila í kerfinu eftir því sem við á m.a. á grundvelli einstaklingsáætlana/samkomulags um félagslega ráðgjöf. Slíkar áætlanir geta falið í sér markmið um að öðlast vinnufærni og komast út á vinnumarkað sem er grunnforsenda þess að leigutakar geti eygt von um að eignast eigið húsnæði eða gera aðrar breytingar á húsnæðisaðstæðum. Á þjónustumiðstöðvum starfar fjármálaráðgjafi og gott samstarf er við Umboðsmann skuldara.

Í öðrum tilfellum getur það verið mat leigjenda að við það að fá öruggt húsnæði sé ekki lengur þörf á félagslegri ráðgjöf og tengsl við félagsráðgjafa rofna.

Þjónustumiðstöðvar hafa heimild til að afla upplýsinga um tekjur og eignir og hjúskapastöðu árlega. Ef breytingar hafa orðið á tekjum, eignum eða hjúskaparstöðu geta þjónustumiðstöðvar kallað inn leigjendur og lagt mat að nýju á félagslegar aðstæður. Þegar leigjendur Félagsbústaða óska eftir milliflutningi er að nýju lagt mat á stöðu umsækjenda á grundvelli reglna. Falli umsókn ekki lengur að reglum er umsækjanda synjað um milliflutning. Umsækjendur hafa þá kost á því að áfrýja umsókn um til áfrýjunarnefndar velferðarráðs. Á undanförunum árum hefur verið tilhneiging til þess að áfrýjunarnefnd velferðarráðs samþykki slíkar umsóknir á grundvelli mats ráðgjafa.

Hátt fasteignamat og hátt leiguverð á almennum leigumarkaði hefur á undanförunum árum takmarkað möguleika íbúa í félagslegu húsnæði til að flytja þaðan. Möguleikar leigjenda til að sækja á almennan leigumarkað og/eða til að eignast eigið húsnæði hafa því verið skertir. Ef litið er til félagslegra aðstæðna m.a. tekna, stöðu og heilsufars leigjenda félagslegrar leiguþúða og reglna Reykjavíkurborgar um félagslegar leiguþúðir og sérstakan húsnæðisstuðning er þess ef til ekki að vænta að stór hluti þeirra komist í þá stöðu að geta eignast eigið húsnæði eða verið í samkeppni um leiguhúsnæði á almennum markaði. Æskilegt væri þó að hægt yrði að skapa aukið flæði inn og út úr félagslega húsnæðiskerfinu.

Í drögum að nýjum húsnæðisreglum er lagt til að leigusamningar verði gerðir til 3ja ára en í núverandi reglum er gert ráð fyrir að leigusamningar séu ótímabundnir. Í 26. gr. um breyttar aðstæður kemur eftirfarandi fram:

Umsækjandi skal vera í tengslum við þjónustumiðstöð á meðan beðið er úthlutunar á húsnæði og gera grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á aðstæðum hans og áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þeim.

Leigutaki skal upplýsa þjónustumiðstöð verði breytingar á aðstæðum hans sem áhrif kunna að hafa á hvort skilyrðum reglna þessara (eftir atvikum 4. gr., 7. gr., 10. gr. eða 14. gr. reglnanna) sé fullnægt.

Ef leigutaki gengur í hjúskap, hefur sambúð eða aðstæður hans breytast með öðrum hætti á leigutímanum, skal hann tilkynna þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar þar um, enda forsendur aðrar en þegar að úthlutun kom. Kanna skal reglulega hvort aðstæður leigutaka hafi breyst samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá.

Hafi aðstæður leigutaka breyst skal hafa samband við hann og eftir atvikum skal kanna félagslegar og fjárhagslegar aðstæður í heild sinni og meta að nýju. Ef félagslegar aðstæður leigutaka eða fjárhagsaðstæður falla eigi lengur að skilyrðum reglna þessara leiðir það til afturköllunar á stjórnvaldsákvörðun um úthlutun á félagslegu leiguhúsnæði.

Leigutaki félagslegs leiguhúsnæðis skal eiga lögheimili í leiguhúsnæðinu óslitið á leigutíma.

Ef leigusamningar verða gerðir til 3ja ára þá felur það í sér að mikilvægt er að tryggja að reglubundið samtal eigi sér stað við leigjendur. Í umsóknarferlinu um félagslegt leiguhúsnæði þyrfti því að koma fram áætlun um hversu lengi umsækjandi teldi sig þurfa á húsnæðinu að halda og áætlun gerð um aðrar lausnir.

Þeirri félagslegu ráðgjöf sem hægt er að beita á þjónustumiðstöðvum verður að beita í tengslum við þjóðfélagslegar aðstæður og úrræði sem í boði eru á hverjum tíma. Öruggt húsnæði er afar mikilvægt fyrir þann hóp sem stendur höllum fæti félags- og tekjulega og skiptir sérstaklega miklu máli þegar staðan á húsnæðismarkaði er erfið og fáar bjargir.